

Yfirlit yfir verkefni vegna gæða- og nýsköpunarstyrkja 2021

Heilbrigðisráðuneytið veitir styrki til gæða- og nýsköpunarverkefna þetta árið fyrir rúmar 28 m.kr. Styrkþegar í ár eru 13 en alls barst 21 umsókn um gæða- og nýsköpunarstyrki.

Tilgangur styrkjanna er að stuðla að umbótum, nýbreytni og auknum gæðum í heilbrigðisþjónustunni. Veittir eru styrkir til einstaklinga, fyrirtækja eða stofnana á sviði heilbrigðismála. Þau fyrirtæki eða einstaklingar sem sækja um þurfa þó að vera í samvinnu eða fyrirhugaðri samvinnu við heilbrigðisstofnanir.

Að þessu sinni var sérstök áhersla lögð á verkefni sem nýtast heilbrigðisþjónustunni í kjölfar heimsfaraldurs og þurfa verkefni að hafa skýran ávinning fyrir heilbrigðisþjónustuna og þann hóp sem þjónustan beinist að.

Úthlutunarnefnd skipuð þremur sérfræðingum heilbrigðisráðuneytisins fór yfir umsóknirnar og undirbjó tillögur að styrkveitingum til ráðherra sem hún síðan samþykkti.

Verkefni sem hlutu styrk eru:

Heiti verkefnis: **SIGURHÆÐIR** - þjónusta við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi

Styrkur að upphæð 4.000.000 kr

Umsækjandi: Soroptimistaklúbbur Suðurlands í samvinnu við Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Ábyrgðarmaður: Hildur Jónsdóttir

Stutt lýsing á verkefni: Sigurhæðir er þjónusta við þolendur kynbundin ofbeldis á Suðurlandi ætluð konum 18 ára og eldri. Frumkvöðull að verkefninu er Soroptimistaklúbbur Suðurlands. Annars vegar eru Sigurhæðir samhæfingarvettvangur samstarfsaðila með Bjarkarhlíð í Reykjavík sem fyrirmynd og hins vegar eru Sigurhæðir meðferðarúrræði þar sem í boði er faglegur stuðningur, viðtöl, hópmeðferð, sálfræðimeðferð. Styrkurinn verður nýttur í að þróa faglega hluta meðferðarstarfsinsins þ.e. EMDR meðferðar sem er meðferð til að vinna úr afleiðingum áfalla. Önnur þjónusta sem í boði er hjá Sigurhæðum er m.a. lögfræðiráðgjöf, viðtöl við lögreglu og markþjálfun í lok meðferðar. Markmið verkefnisins er að bjóða konum búsettum á Suðurlandi sem orðið hafa fyrir kynbundnu ofbeldi öruggan vettvang og aðstoð fagfólks til að vinna úr áföllum sem eiga rætur í ofbeldinu, hvort sem það er kynferðislegt, andlegt, líkamlegt eða tilfinningalegt. Einnig er markmiðið að efla samstarf milli aðila sem veita þolendum kynbundins ofbeldis þjónustu á Suðurlandi og auka vitund og þekkingu á kynbundnu ofbeldi meðal almennings, fagaðila og samstarfsaðila í verkefninu með þjálfun og fræðslu. Með verkefninu vill Soroptimistaklúbbur Suðurlands vinna að markmiðum um jafnrétti, valdeflingu kvenna og almennu heilbrigði þeirra í heimabyggð. Þar sem Sigurhæðir munu bjóða faglega meðferð á þessu sviði má telja úrræðið til algerra nýjunga á því sviði sem þjónusta við þolendur kynbundins ofbeldis er. Sigurhæðir er því ekki aðeins viðbót við þá þjónustu sem þolendur á Suðurlandi eiga kost á, heldur einnig viðbót við þá þjónustu sem almennt er veitt á Íslandi á þessu sviði.

Heiti verkefnis: **Áráttu-þráhyggju sumarhópmeðferð:** Fyrir börn og unglunga á aldrinum 12-18 ára með áráttuþráhyggjuröskun

Styrkur að upphæð 550.000 kr.

Umsækjandi: Þroska- og hegðunarstöð Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í samstarfi við BUGL og Sálfræðideild Háskóla Íslands

Ábyrgðarmaður: Dagmar Kristín Hannesdóttir

Stutt lýsing á verkefni: Um er að ræða tilraunaverkefni sem felur í sér tveggja vikna sumarnámskeið þar sem beitt er berskjöldunarmeðferð við áráttu-þráhyggjuröskun (ÁÞR) sem áætlað er að hamli 1-2% af ungmönnum á aldrinum 12-18 ára. Áráttu og þráhyggjuröskun getur verið það hamlandi að unglingar eiga erfitt með að mæta í skóla eða vinnu og sniðganga félagsleg samskipti. Þegar hömlun vegna röskunarinnar er orðin mikil þá þurfa ungmennin markvissa meðferð í nokkra tíma á dag í nokkrar vikur ásamt foreldrum og helst meðal jafnaldra til að minnka skömmina sem oft fylgir þessu ástandi. Gert er

ráð fyrir að tveir til þrjú sálfræðingar og sex sálfræðikandídatar vinni með ungmennunum á námskeiðinu. Námskeiðið mun standa yfir í 10 daga í lok maí/byrjun júní 2022.

Meðferðin er byggð á gagnreyndri meðferð sem var þróuð við BC Children's hospital í Vancouver, Kanada þar sem sérþjálfað teymi í átíttu- og þráhyggjuröskun þróar og rannsakar slík meðferðarúræði.

Heiti verkefnis: Innleiðing á þjónustukönnun

Styrkur að upphæð 985.000 kr.

Umsækjandi: Reykjalundur endurhæfing ehf.

Ábyrgðarmaður: Sveindís Anna Jóhannsdóttir

Stutt lýsing á verkefni: Verkefninu er ætlað að útbúa þjónustukönnun til að meta ánægju og gæði þeirrar endurhæfingar sem Reykjalundur býður upp á auk þess sem horft verður sérstaklega til skipulags þjónustu við hóp sjúklinga sem sótt hafa endurhæfingu í kjölfar Covid-19 veikinda. Hugmyndin er að fara af stað með forverkefni í fyrirlögn á þjónustukönnun. Annars vegar verður þjónustukönnun lögð fyrir þann hóp sjúklinga sem lokið hefur endurhæfingu í kjölfar Covid-19 veikinda og hins vegar fyrir hóp sjúklinga sem lokið hafa hefðbundinni endurhæfingu á hjarta- og lungnasviði Reykjalundar. Í framhaldi af forverkefninu er stefnt að því að þjónustukönnunin verði fastur liður í starfi Reykjalundar þar sem leitast verði við að taka mið af þeim upplýsingum sem sjúklingar af öllum meðferðarsviðum veita um þjónustuna, gæði hennar og innihald í umbótastarfi Reykjalundar. Tilgangur er að kanna með markvissum hætti hvernig sjúklingar meta gæði þeirrar endurhæfingar sem þeir fá á Reykjalundi, hvað sjúklingar eru ánægðir eða óánægðir með. Reykjalundur hefur tekið að sér sérhæfða endurhæfingarþjónustu við sjúklinga sem þurfa endurhæfingu í kjölfar Covid-19 og hefur þróað og útfært þjónustu sem talin er henta þessum sjúklingahóp út frá einkennum og sjúkrasögu. Styrkurinn verður nýttur í að þróa rafræna lausn þannig að hægt verði að leggja þjónustukönnunina fyrir með rafrænum hætti og tengja hana við Heilsuveru í samstarfi við embætti landlæknis.

Heiti verkefnis: Iðjuseðill, sönnun á gildi verkefnis

Styrkur að upphæð 800.000 kr.

Umsækjandi: Iðjuþjálfadeild Reykjalundar

Ábyrgðarmaður: Hrefna Óskarsdóttir

Stutt lýsing á verkefni: Talið er að 30-60% skjólstæðinga sem útskrifast úr þverfaglegri nálgun nái ekki að nýta sér þekkingu og reynslu úr endurhæfingunni 3-6 mánuðum eftir útskrift. Iðjuþjálfar aðstoða skjólstæðinga við að finna leiðir og að setja sér raunhæf markmið til að efla færni og til að viðhalda árangri endurhæfingar. Aukin virkni þátttakenda er gríðarlega mikilvæg í allri meðferð, þ.m.t. endurhæfingu. Óvirkir þátttakendur sem eru að glíma við langvinn veikindi eru í flestum tilfellum með alvarlegri einkennum og finna oftast fyrir einkennum en þeir sem virkari eru í sinni endurhæfingum. Þeir nýta heilbrigðisþjónustu mun oftast, búa almennt við verri heilsutengd lífsgæði og skertari þátttöku í daglegu lífi. Nýsköpun verkefnisins liggur í þáttökumiðaðri nálgun í endurhæfingu og að nota snjalltækni til að stuðla að yfirfærslu, aukinni þátttöku skjólstæðinga í eigin endurhæfingu, valdeflingu og aukinni meðferðarhaldni. Slíkt app stuðlar bæði að hagkvæmni í innan heilbrigðisþjónustunnar og innan stofnunar. Nýsköpun sem þessi hefur gildi fyrir heilbrigðiskerfið þar sem fleiri fagaðilar og stofnanir gætu hæglega aðlagð iðjuseðilinn að sinni meðferð. Verkefnið er fyrsti hluti af fimm í þróun á iðjuseðli. Iðjuseðill er meðferðar- og eftirfylgdar app (vefsíðuapp) sem hægt er að nota í tölvu, spjaldtölvu og á síma. Í þessum fyrsta hluta er verið að leggja sönnun á gildi markmiða appsins – þ.e. hvort markviss markmiðasetning sem eftirfylgni eftir útskrift sé hagnýt og skilvirk leið til að breyta heilsuhegðun og venjum skjólstæðinga og yfirfæra þannig þekkingu og reynslu úr endurhæfingunni heim.

Markmiðið þessa verkefnis er að hanna kerfi sem heldur utan um markmiðssetningar skjólstæðinga sem ætlað er að breyta heilsuhegðun þeirra til lengri tíma. Kerfið grundvallast á heilsulæsi og notendamiðaðri nálgun – að allar upplýsingar sem mikilvægar eru fyrir endurhæfingu skjólstæðinga séu á einum stað, þar sem hann getur nýtt sér allar upplýsingar, fræðslu og reynslu úr endurhæfingunni í

lengri tíma á eftir. Markmiðið er einnig að tryggja skjólstæðingsmiðaða eftirfylgd „heim í hérað“ (á heilsugæsluna) á skjólstæðingsmiðaðan og valdeflandi hátt.

Heiti verkefnis: Spurningarlisti í heilsuvernd aldraðra

Styrkur að upphæð 1.000.000 kr.

Umsækjandi: Heilsuvernd í samstarfi við Heilsugæsluna í Urðarhvarfi

Ábyrgðarmaður: Anna Björg Jónsdóttir

Stutt lýsing á verkefni: Öldruðum einstaklingum fer fjölgandi á Íslandi eins og kemur fram í mannfjöldaspá Hagstofu Íslands, en þar kemur fram að einstaklingum 80 ára og eldri muni fjölga um 5.700 fram til ársins 2030 eða um 46%. Sem betur fer eru flestir þeirra hraustir og búa við ágæta færni fram eftir aldri. Það er þó staðreynd að með aldrinum aukast líkurnar á færniskerðingu, fjölveikindum og hrumleika. Mikilvægt er að finna þá einstaklinga sem þurfa á uppvinnslu og meðferð að halda og því fyrir sem hægt er að gera það því betra. Fyrstu skrefin á þeirri vegferð tilheyrja fyrsta stigs heilbrigðisþjónustu, þ.e. í heilsugæslu. Markmiðið er að finna þá sem þurfa á frekari uppvinnslu og mögulega meðferð að halda fyrir og veita þeim þjónustu á réttum stað á réttum tíma af réttum fagaðilum. Það hefur sýnt sig að vera hjálplegt að nýta spurningalista þannig að tími skjólstæðings með fagaðila nýtist sem best. Verkefnið gengur út á að þróa spurningarlista sem sendur verður hinum aldraða í gegnum Heilsuveru og birtist síðan í sjúkrasögu viðkomandi í Sögu. Spurningalistinn mun þannig geta orðið til þess að tíminn nýtist betur og verði markvissari þegar skjólstæðingur svo kemur í viðtalið hjá hjúkrunarfræðingi. Tilgangur verkefnisins er að nýta betur þá tækninýjung sem felst í því að geta sent spurningarlista til skjólstæðinga áður en þeir koma í viðtal. Með því móti er hægt að straumlínulaga viðtalið og gera það markvissara. Markmiðið er tvíþætt, þ.e. að nýta betur tíma fagfólks og auka gæði heilbrigðisþjónustunnar með það fyrir augum að hver skjólstæðingur fái rétta þjónustu á réttum stað á réttum tíma. En fyrst og fremst er markmiðið að auka og bæta þjónustuna við aldraða skjólstæðinga heilsugæslunnar.

Heiti verkefnis: Námskeið fyrir heilbrigðisstarfsfólk um heilsulæsi og árangursríkar aðferðir í fræðslu og samskiptum til að auka heilsulæsi

Styrkur að upphæð 4.000.000 kr.

Umsækjandi: Landspítali í samstarfi við Reykjalund og Háskólann á Akureyri

Ábyrgðarmaður: Brynja Ingadóttir

Stutt lýsing á verkefni: Í COVID-19 faraldrinum hefur mikilvægi heilsulæsis komið skýrt í ljós. Mikil, og á tíðum misvísandi upplýsingagjöf hefur farið fram í fjölmiðlum og jafnframt þurfa smitaðir að sinna sjálfsumönnun í einangrun og reiða sig á leiðbeiningar heilbrigðisstarfsmanna símléiðis. Til að geta nýtt sér heilbrigðistengdar upplýsingar á árangursríkan hátt þarf fólk að búa yfir góðu heilsulæsi. Tilgangur verkefnisins er að auka heilsulæsi notenda heilbrigðisþjónustunnar með því að kenna heilbrigðisstarfsfólki gagnreyndar aðferðir til að meta heilsulæsi og miðla upplýsingum þannig að skilningur sé tryggður. Markmið verkefnisins er að búa til námsefni og sérsniðið námskeið fyrir heilbrigðisstarfsfólk á Íslandi sem hægt er að nota hvar sem er í heilbrigðiskerfinu. Megináhersla er á endursagnaraðferðina sem er virkt ferli þar sem nemandinn eða sjúklingurinn endurtekur með eigin orðum það sem hann hefur verið fræddur um og/eða sýnir nauðsynleg handtök þegar slíkt hefur verið kennt. Notast verður við fjölbreyttar kennsluáferðir þ.m.t. myndbönd, skriflegt fræðsluefni, æfingar og verkefni. Til viðbótar verður í verkefninu fjallað um aðferðir til að meta heilsulæsi, erlent matstæki þýtt og staðfært yfir á íslensku og fjallað um hvaða skilyrði fræðsluefni þarf að uppfylla til að mæta mismunandi heilsulæsi. Margir hópar eru líklegri en aðrir til að hafa ófullnægjandi heilsulæsi, ekki síst fólk af erlendum uppruna. Tungumálaörðugleikar og ólík menning geta valdið erfiðleikum við að skilja þær heilbrigðistengdu upplýsingar sem þeim eru veittar, oft með aðstoð túlka. Því er notkun endursagnaðferðarinnar ekki síst mikilvæg í samskiptum við þá notendur og getur þannig bætt gæði þjónustunnar.

Heiti verkefnis: Nýliðafræðsluefni - staðfæring þýðingar, undirbúningur og framkvæmd tilraunaútgáfu

Styrkur að upphæð 700.000 kr.

Umsækjandi: Farsæl öldrun – Þekkingarmiðstöð í samstarfi við Umönnunarskóla Landakots
Ábyrgðarmaður: Berglind Indriðadóttir

Stutt lýsing á verkefni: Tilgangur og markmið verkefnis er að gera fræðsluefni fyrir ófaglærða nýliða í öldrunarþjónustu aðgengilegan til tilraunakennslu og meta gagnsemi hans og þannig bæta aðgengi að hagnýtu og heildstæðu fræðsluefni fyrir ófaglærða nýliða í öldrunarþjónustu. Markvissari nýliðafræðsla er talin vera hvatning fyrir stofnanir í öldrunarþjónustu til að taka vel og faglega á móti sínum nýliðum í starfi. Sýnt hefur verið fram á að bæta þarf vinnuumhverfi ófaglærðra nýliða og efla öryggi þeirra í starfi, auka starfsánægju og draga úr starfsmannaveitu. Verkefninu er ætlað að stuðla að betri líðan aldraðra um land allt sem eru notendur heimaþjónustu, nýta dagdvalir, dagþjálfanir, hvíldar- og endurhæfingarinnlagnir, búa á hjúkrunarheimilum eða dvelja á öldrunardeildum spítala.

Heiti verkefnis: Heildræn náttúrutengd endurhæfing

Styrkur að upphæð 1.024.000 kr.

Umsækjandi: Starfsendurhæfing Vestfjarða (SEV) í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða

Ábyrgðarmaður: Harpa Lind Kristjánsdóttir

Stutt lýsing á verkefni: Um er að ræða heildræn náttúrutengt endurhæfingarúrræði (NEÚ) fyrir einstaklinga með heilsubrest tengdan ofbeldi eða áföllum. Einblínt verður á þætti sem oft á tíðum eru rótin að heilsubresti, vanlíðan og skertri starfsgetu og lífsgæðum fólks. Horft er til úrræða sem hafa skilað góðum árangri. Annars vegar Gæfusporanna sem þróað var fyrir þolendur kynferðisofbeldis og hins vegar Náttúrutengda endurhæfingu, sem þróað var í Svíþjóð fyrir fólk með streitutengdan geðrænan vanda og hefur reynst mjög árangursrík. Náttúrutengd endurhæfing hefur auk þess reynst vel fyrir einstaklinga með áfallastreitu, hefur jákvæð áhrif á heilsu og líðan fólks og flýtir fyrir bata. Verkefnið gengur út á að þróað verður úrræði sem stendur yfir í 8 vikur, og er byggt upp sem heildræn endurhæfing með áherslu á að nýta heilandi áhrif náttúrunnar. Hún mun felast í dvöl og iðju í náttúrunni, hugleiðslu, sjúkrapjálfun, fræðslu og æfingum sem stuðla að slökun, tengingu líkama og hugar og tengingu við náttúruna. Einnig einstaklings ráðgjöf og sálfræðimeðferð er veitt eftir þörfum þátttakenda. Unnið verður samkvæmt hugmyndafræði áfallaupplýstrar og einstaklingsmiðaðrar þjónustu og valdeflingar. Enn er Náttúruleg endurhæfing fátíð á Íslandi og hún er ekki til staðar á Vestfjörðum, en nágretta þjóðirnar eru komnar mun lengra á því sviði. Eitt af markmiðum verkefnisins er að koma á góðri samvinnu geðteymis Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, félagsþjónustu sveitarfélaga á svæðinu og Starfsendurhæfingar Vestfjarða. Leitast verður við að brjóta niður þá veggir sem oft eru milli hinna mismunandi kerfa og þær hindranir sem kunna að vera fyrir slíku samstarfi og fylla upp í þær glufur sem myndast geta milli kerfanna.

Heiti verkefnis: Landspítala APP fyrir innlagða sjúklinga –Fasi 2

Styrkur að upphæð 3.000.000 kr.

Umsækjandi: Landspítali í samstarfi við Advania

Ábyrgðarmaður: Adeline Tracz

Stutt lýsing á verkefni: Verkefnið « LSH APP fyrir innlagða sjúklinga – skjólstæðingurinn í öndvegi » hlaut 15 milljóna styrk í fjárfestingarátaki um nýsköpun í heilbrigðisþjónustu í september 2020. Verkefnið snérist um að gera sjúklingum Landspítalans kleift að nálgast upplýsingar um innlögn þeirra og komu á spítalann í gegnum app. Tilgangurinn var meðal annars að sjúklingurinn hafi upplýsingar um stöðu sína og viti hvað fram undan er á meðan dvöl hans á spítalanum stendur. Tilraunverkefnið hefur gengið vonum framár þar sem tekist hefur að þróa app og gefa það út bæði á Google Play og Apple Store og útfæra allt sem var skilgreint í verkefnalýsingu og prófanir á legudeild A4 hafa líka gengið mjög vel og mikil ánægja hefur verið meðal sjúklinga.

Í þetta sinn er sótt um styrk til að halda áfram þróun og innleiðingu á sjúklingaappinu ásamt því að nýta núverandi arkitektúr fyrir aðstandandaaðgang og fyrir skilaboðaapp fyrir starfsfólk til að taka á móti skilaboðum frá sjúklingum. Áhersla verður lögð á að auðvelda samskipti ólíkra eininga spítalans við sjúklinga sem eiga að leggjast inn, sem eru innlagðir eða eru að útskrifast. Verkefnið snýst um að gera sjúklingum Landspítalans kleift að nálgast viðbótar upplýsingar um innlögn þeirra og komu á spítalann í gegnum app og að geta skráð og yfirfært upplýsingar ásamt því að hafa samskipti við starfsfólk. Til viðbótar verður þróaður aðstandandaaðgangur í sjúklingaappinu sem mun gera foreldrum kleift að skoða upplýsingar um börnin sín. Til að efla samskipti við innliggjandi sjúklinga sem geta sent í dag

skilaboð í sjúklingaappinu verður útfært skilaboðaapp fyrir starfsfólk spítala til að taka á móti þessum skilaboðum og brugðist við án tafar.

Heiti verkefnis: Efling ómspeglunar á Landspítala við greiningu á sjúkdómum í brisi og bæta verklag við áhættumat þeirra.

Styrkur að upphæð 3.000.000 kr.

Umsækjandi: Meltingarsjúkdómadeild Landspítala Háskólasjúkrahúsi

Ábyrgðarmaður: Sunna Guðlaugsdóttir

Stutt lýsing á verkefni: Stærsta áskorun í ómspeglun er aukin þörf fyrir rannsóknina til að meta og fylgja eftir sjúkdómum í brisi. Briskrabbamein er í sókn og stefnir í 40% aukningu til ársins 2035. Til að tryggja rétta meðferð þarf að staðfesta með frumu/vefjasýni og er ómspeglun oft besti kosturinn, en aðferðin er bæði sjúklingavæn og ódýr leið.

Fyrirhuguð er sú nýbreytni eða nýsköpun að auðvelda greiningarferli þessara sjúkdóma í ómspeglun. Styðjast þarf við viðurkenndar klínískar leiðbeiningar og með hliðsjón af þeim útbúa sérstakt skráningarform svo hægt sé að skrá niðurstöður meðan á sjálfri rannsókninni stendur og færa inn í gagnagrunn. Hanna þarf skráningareyðublaðið og gagnagrunninn og æskilegt er að rannsóknarniðurstöður sem berast úr öðrum kerfum Sögu færðust sjálfkrafa þar inn. Þetta verklag mun auka öryggi varðandi það að mikilvæg atriði verði skráð og metin.

Ávinningurinn er góð yfirsýn allra rannsakaðra þátta sem auðveldar sérhæft heildarmat. Reynslan hefur sýnt að matsferlið getur tekið tíma því taka þarf tillit til svo margra þátta. Þetta tímabil einkennist af óvissu og óöryggi fyrir sjúklinginn. Allt sem stytir ferlið er ábati fyrir sjúklinginn. Tilgangurinn með verkefninu er að tryggja að niðurstöður sem áhættumeta þessi mein dragist hratt á einn stað með sérhæfðu skráningarformi í sameiginlegan gagnagrunn sem flýttir heildarniðurstöðu og eykur öryggi eftirlits með framgangi brismeina. Vonir standa til að það auðveldi á öllum stigum meðferðarákvörðun og möguleika á að sníða úrræði að þörfum háð mismunandi áhættumati. Sameiginlegur gagnagrunnur yrði aðgengilegur í Heilsugátt og hefur einnig þann tilgang að stuðla að jákvæðri samvinnu heilbrigðisstarfsfólks og bæta þjónustu við sjúklinginn með upplýsingagildi sínu.

Heiti verkefnis: Fjarvöktun ónæmismeðferðar krabbameina-sjálfvirkar meðferðarráðleggingar.

Styrkur að upphæð 3.000.000 kr.

Umsækjandi: Landspítali (Heilbrigðis- og upplýsingatæknisvið)

Ábyrgðarmaður: Gunnar Bjarni Ragnarsson

Stutt lýsing á verkefni: Ónæmismeðferð hefur gjörbylt krabbameinsslækningum og þolist yfirleitt vel. Aukaverkanir geta þó verið lífshættulegar ef þær eru ekki meðhöndlaðar strax. Í samvinnu við Sidekick Health hefur verið þróað smáforrit í síma til að vakta þessar aukaverkanir en það verkefni fékk hámarksstyrk úr fjárfestingarátaki um nýsköpun í heilbrigðisþjónustu árið 2020. Sjúklingar nota forritið til að senda inn einkennamat beint á krabbameinsdeild. Ef aukaverkanir eru alvarlegar fær vaktstjóri á krabbameinsdeild sjálfvirk skilaboð. Hann hefur þá samband við sjúkling, staðfestir einkenni, metur alvarleika og kemur af stað meðferðarferli. Einnig eru blóðprufur teknar reglulega til að meta aukaverkanir. Oft þarf að meta samtímis einkenni og blóðprufuniðurstöður og ákveða meðferð í framhaldi, sem getur verið flókið og tímafrekt. Tíminn getur þó verið naumur og fljótra viðbragða er oft þörf vegna alvarleika einkenna. Markmiðið með þessu verkefni er að auðvelda ákvarðanatöku og stytta viðbragðstíma. Það gengur út á að hanna tæknilausn þar sem heilbrigðisstarfsmenn fá sjálfvirk ráðleggingar hvernig á að meðhöndla aukaverkanir. Meðferðarráðleggingarnar, sem verða byggðar á alþjóðlegum klínískum leiðbeiningum, munu líka taka mið af blóðrannsóknnum viðkomandi sjúklings sem munu skrást sjálfvirk í formblað Heilsugáttar. Sjálfvirkar meðferðarráðleggingar af þessu tagi eru nýjung hér á landi og reyndar á heimsvísu og í framhaldi verður hægt að nota þessa nálgun í meðferð margra langvinnra sjúkdóma. Aðaltilgangur verkefnisins er að staðla og samræma viðbrögð heilbrigðisstarfsmanna við aukaverkunum ónæmismeðferðar krabbameina, stytta viðbragðstíma og auka þar með öryggi krabbameinssjúklinga á ónæmismeðferð, sem og hagkvæmni, skilvirkni og rekjanleika í starfseminni.

Heiti verkefnis: Hugbúnaður til aðstoðar við röðun krabbameinslyfjagjafa

Styrkur að upphæð 3.000.000 kr.

Umsækjandi: Landspítali í samstarfi við Heilsugreind ehf.

Ábyrgðarmaður: Vigdís Hallgrímsdóttir

Stutt lýsing á verkefni: Röðun lyfjagjafa fyrir krabbameinssjúklinga er flókið verkefni og hingað til hefur skort sérhæfð og notendavæn verkfæri sem taka samtímis tillit til áhrifa röðunar á biðtíma sjúklinga, álag á starfsfólk og nýtingu sérhæfðs búnaðar til lyfjagjafar. Meginviðfangsefni verkefnisins er að þróa myndræna framsetningu upplýsinga og gagnvirkt notendaviðmót sem auðveldar vinnu og bætir árangur við röðun lyfjagjafa á dagdeild fyrir krabbameinssjúklinga.

Markmið verkefnisins er að smíða frumgerð að hugbúnaði sem notar nýja tegund bestunar- og hermilíkana til að bæta röðun lyfjagjafa á dagdeild blóð- og krabbameinsslækninga á Landspítala. Hugbúnaðurinn nýtir sér nýja tegund bestunar- og hermilíkana sem þróuð hafa verið í samstarfi Háskóla Íslands, Landspítala og Heilsugreindar ehf. í þeim tilgangi að bæta röðun skurðagerða. Meginviðfangsefni verkefnisins er að aðlaga hinar nýju tegundir bestunar- og hermilíkana að lyfjagjöfum og þróa myndræna framsetningu upplýsinga og gagnvirkt notendaviðmót sem auðveldar vinnu og bætir árangur við röðun lyfjagjafa með aðstoð hinna nýju reiknilíkana. Gert er ráð fyrir að verkefnið taki þrjá mánuði í vinnslu og áætlað að það hefjist þann 1. júní og ljúki þann 31. ágúst. Verkefnið verður unnið í samstarfi við fyrirtækið Heilsugreind ehf. sem Landspítali hefur átt í farsælu samstarfi við undanfarin ár. Unnið verður náði með stjórnendum og starfsfólki krabbameinskjarna að þróun hugbúnaðarins.

Heiti verkefnis: Innleiðing á hugbúnaði fyrir sjúklinga sem greinast með brjóstakrabbamein

Styrkur að upphæð 3.000.000 kr.

Umsækjandi: Landspítali í samstarfi við Heilsugreind ehf

Ábyrgðarmaður: Vigdís Hallgrímsdóttir

Stutt lýsing á verkefni: Verkefnið um þróun á hugbúnaði fyrir rekjanlegt og tímasett ferli fyrir sjúklinga sem greinast með brjóstakrabbamein fékk 15 m.kr. styrk úr fjárfestingarátaki ríkisstjórnarinnar um nýsköpun í heilbrigðisþjónustu sumarið 2020. Sá styrkur nýttist til að þróa hugbúnað og lausnir sem hafa umtalsverða möguleika til að auka rafræna heilbrigðisþjónustu fyrir sjúklinga sem greinast með brjóstakrabbamein. Styrkurinn nær hins vegar ekki til innleiðingar, þjálfunar og endanlegrar samþættingar við aðrar hugbúnaðarlausnir spítalans. Öll þessi atriði eru engu að síður mikilvæg til að tryggja að sú fjárfesting sem farið var út í með nýsköpunaráttakinu nýtist að fullu og geti orðið að lausn sem nýtt verður víðar í íslenskri heilbrigðisþjónustu, t.d. fyrir sjúklinga sem greinast með annars konar krabbamein. Gert er ráð fyrir að verkefnið hefjist 1. september 2021 og taki 12 mánuði.

Markmið verkefnisins er að þróa og innleiða nýjar aðferðir í heilbrigðisþjónustu til að rekja, herma, besta og spá fyrir um ferla sjúklinga sem geta verið staddir á mismunandi stöðum í flóknu þjónustu- og meðferðaferli. Þannig verður hægt að rekja og vakta stöðu sjúklinga út frá skilgreindum biðtíma þannig að meðferðarúræði verði innan ásættanlegra viðmiða. Í gegnum hugbúnaðinn fær sjúklingur einnig aðgang að upplýsingum um framvindu meðferðar auk þess sem hann skapar möguleika á gagnvirkum samskiptum á milli sjúklinga og heilbrigðisstarfsmanna í gegnum Heilsuveru.